

fljótt var að afi var ekki þessi hefðbundni afi, sem átti heima í sveit sem maður las um í Gagn og gaman. Í stað fjölskylduheimsókna í sveitina skaut ég við og við inn á læknastofuna hans afa sem var skammt heimán. Þar úði og grúði af alls kyns spennandi hlutum. Þar var einkennilegt tæki sem spúði út úr sér gufu, furðuleg lækningatól sem barnshugurinn gerði sér ýmsa leiki úr og síðast en ekki síst heyrnarmælingastóllinn sem minnti mest á, með öllum sínum tökkum og mælum, hlut úr vísindaskáldsögu. Alltaf þegar ég kom fékk ég að bíða, og nær alltaf gafst afa tími til að sjá mig og sýna mér eitthvað nýtt.

Afi og mamma áttu það sameiginlegt að vera miklar félagsverur. Afi var nánast óþreytandi að halda stórveislur að heimili sínu og Þórdísar í Skaftahlíð. Oftast fengum við afabörnin að fylgja með. Þangað var ekki síður skemmtilegt að koma. Þar beið lítill uppstoppaður krókódill ofan á sófa, hnöttur sem, þegar lyft var upp, spratt í sundur í miðju og skenkti vindlinga. Sagirnar á veggnum vöktu líka óskipta athygli, ekki síst þegar afi tók þær niður og byrjaði að spila á þær.

Ævintýraheimarnir voru fleiri. Afi fór á hverju sumri upp í sumarbústað. Þar dvaldi ég oft og við sinntum sameiginlegu áhugamáli, stangveiði. Á milli veiðiferða lékum við börnin okkur eða nutum þess að hlusta á afa segja veiðisögur af svo miklum afla að maður furðaði sig á að það væri enn til ferskvatnsfiskur.

Tengsl okkar afa voru mikil á mínum ungdómsárum. Þegar ég varð tvítugur spurði mamma mig hvað ég vildi helst gera á afmælinu, ég hugsaði mig um, og sagðist vilja bjóða afa og Þórdísi í kvöldverð. Það gladdi mömmu mikið.

Nokkrum árum seinna gerðist sá voveiflegi atburður að móðir mín varð bráðkvödd. Við andlát hennar misstu ræturnar sem haldið höfðu saman fjölskyldum afa næringu, og smám saman trosnuðu upp þau tengsl sem höfðu myndast uns svo fór að veruleikinn um afa varð minningin ein.

Það er ég viss um afi minn, að Ásthildur móðir mín tekur á móti þér með þeirri ást sem hún gaf þér í lífanda lífi og sýnir þér þau aldin sem þú sáðir til en aldrei sást þroskast.

Blessuð sé minning þín og sendi ég öllum þeim sem unnu þér mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Erlingur E. Jónasson.

Komið er að kveðjustund míns kæra, fyrrverandi tengdaföður. Löngu og viðburðaríku lífi þessa merka manns er lokið.

Erlingur var stórbrotin persóna sem skemmtilegt var að kynna og verður hans sárt saknað. Hann var höfðingi heim að sækja og gilti þá sama um hver átti í hlut – allir voru meðhöndlaðir af virðingu og natni.

Fljótlega eftir að ég kom í fjölskylduna sá ég hversu heppin ég var að hafa eignast svona tengdaföður. Umhyggjan fyrir fjölskyldunni var alla tíð í fyrirrúmi alveg eins og ég var vön úr minni eigin fjölskyldu og svo sannarlega naut barnabarn og alnafni hans, og sonur minn, góðs af því. Ég á svo ótal margar og góðar minningar um samskipti og samverustundir okkar Erlings, sem að ég geymi með mér og gleymi aldrei – nú síðast þegar Erlingur sonur okkar Þorsteins útskrifaðist sem stúdént síðastliðið ár.

Ég þakka fyrir falleg orð í garð dóttur minnar og eiginmanns, kæri Erlingur og takk fyrir að hafa verið honum Erlingi mínum svona góður afi og fyrirmynd í lífinu, á svo ótal vegu.

Þórdísi, Þorsteini, Guðrúnu Kristínu og fjölskyldum þeirra sendum við hjónin okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Linda og fjölskylda.

Það vill svo til að ég veit með vissu hvenær ég sá móðurbróður minn, Erling, í fyrsta sinn. Ég var tíu ára drengur þann sólríka júlídag árið 1945 þegar Esjan lagðist að bryggju í Reykjavík með farþega frá Kaup-

mannahöfn. Erlingur hafði verið við framhaldsnám og læknaströf í Danmörku, en orðið innlyksa þar þegar Þjóðverjar hernámu landið. Mér þótti merkilegt að sjá þennan frænda minn sem ég þekkti aðeins af myndum, en hafði heyrt margar sögur af. Ekki þótti mér síður forvitnilegt að kynna dóttur hans, Ásthildi, sem þá var sjö ára. Við tvö áttum eftir að verða góðir vinir og leikfélagar.

Eftir heimkomuna varð Erlingur fljótlega önnur kafinn við læknaströf. Eyrnabólga og kinnholubólga voru algengir kvillar á þessum árum, og ég varð brátt kunnugur lækningastofunni á Sóleyjargötu 5 og síðar á Miklubraut 50. Þótt ferðirnar þangað væru ekki sérstakt tilhlökkunarefni voru þær alltaf árangursríkar, því Erlingur var frábær læknir. Ég kynntist honum þó enn betur á ferðalögum, einkum við laxveiðar sem voru sameiginlegt áhugamál hans og föður míns. Er mér eftirminnilegt hvað Erlingur var skemmtilegur ferðafélagi. Miklir kærleikar voru með þeim systkinum, móður minni og honum, og oft var leitað til hans þegar eitthvað bjátaði á. Þá var Erlingur ævinlega boðinn og búinn til aðstoðar. Hann var afar gestrisinn, og við sátum oft boð hjá honum ásamt vinum hans sem voru margir. Ættrækinn var hann, og eftir lát móður minnar hélt hann nán um tengslum við mig og fjölskyldu mína. Margan greiddann gerði hann okkur, svo að seint verður fullþakkað. Honum var annt um minningu föður síns, Þorsteins Erlingssonar skálds, og kom því meðal annars til leiðar að minnisvarðar um hann voru reistir á Klambratúni í Reykjavík og að Skógum undir Eyjafjöllum. Erlingur var stoð og stytta móður sinnar á efri árum hennar og endurgalt henni það mikla ástríki sem hún sýndi börnum sínum alla tíð.

Fáum reynist ævin áfallalaus. Ég hygg að skilnaður Erlings við fyrri konu sína hafi verið honum afar þungbær, en hann var svo lánsamur að eignast aðra konu, góða og trygglynda, og með henni mannvænleg börn. Veikindi Ásthildar dóttur hans, sem hann missti fyrir fjórtán árum, voru hins vegar harmleikur, skaði sem ekki varð bættur.

Erlingur var alla tíð mjög heilsuhraustur, og ég efast um að hann hafi nokkru sinni gert hlé á störfum vegna veikinda. En svo að vitnað sé í Snorra-Eddu, „engi hefir sá orðit ok engi mun verða, ef svá gamall verðr, at elli bíðr, at eigi komi ellin öllum til falls“. Það var sorglegt að sjá hvernig aldurinn lék svo glæsilegan mann sem föðurbróðir minn var á yngri árum. Minnið brást honum ekki, en líkamlegt atgervi lét undan síga. Sjálfur lét Erlingur þá skoðun í ljósi að enginn ætti að verða eldri en 85 ára. Þar tók hann mið af sjálfum sér, því að honum þóttu allir vegir færir fram að þeim aldri. Það léttir aðstandendum hans sorgina að vita að hann andaðist saddur lífdaga. Blessuð sé minning hans.

Þorsteinn Sæmundsson.

Kæri vinur, þá ertu farinn yfir móðuna miklu, læknaþing mikli og brautryðjandi. Alla tíð frá fyrstu kynnum okkar reyndist þú mér traustur og sannur. Það var fyrst og fremst þér að þakka að ég valdi heyrnarfræði sem hliðargrein með háls-, nef- og eyrnalækningum og tók svo við af þér í fyllingu tímans á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Það reyndist mér auðvelt árið 1978 að koma heim frá sérnámi í Danmörku, en þar hafðir þú einnig numið þína sérgrein. Ég hafði áður rætt um það við þig að koma mér upp lækningastofu, en þér fannst auðvelt mál að leysa úr því og tjáðir mér að ég væri hjartanlega velkominn á Miklubraut 50, þar sem öll þín tæki og tól stæðu mér til boða, svo og aðstoðarstúlkann Jóhanna, sem var ómissandi og vissi skil á öllu. Þessu eintaka tilboði var ekki hægt að neita.

Já, þetta voru yndislegir tímar og auðveld ár. Allt sem mig vantaði eða átti ólært lærði ég hjá þér og danski grunnurinn var sá sami hjá okkur báðum. Eyrnasmasjain, sem þú